

PASTASALAT

Grænmetið í allri sinni dýrð, sætir ávextir, kjúklingur eða jafnvel afgangur af fiski, bragðmikið beikon, ólífurnar saltar og eilítið beiskar og ostur er blanda sem ekki bregst.

Í raun vonlaust að gera vont salat þegar þessu er blandað saman.

1 bakki Spínatkál

1 bakki annað blaðkál (t.d. Lambhaga salat)

1 stk eldaður kjúklingur (skinn tekið af), brytjaður og settur í skál.

Yfir hann hellir maður HUNT'S "Honey hickory BBC sause" sem er eingöngu til að bragðbæta og gera réttinn ennþá betri.

Alls ekki nauðsynlegt.

500 gr. PENNE pasta (eða annað pasta sem hver vill) soðið e. leiðbeiningum

1 krukka svartar ólífur (teknar í tvennt)

1 krukka fetaostur í olíu

2 sætar paprikur, saxaðar niður

1 lítil pakkning BACON, steikt og klippt niður kalt.

1/2 Cantalup melóna skorin í teninga

500 gr. bláber

250 gr. jarðarber

1 mangó, skorið í teninga.

Það er ekki nauðsynlegt að vera með alla þessu ávexti. Alveg nóg að velja tvenns konar.

Gróft raspaður Parmesan eða annar góður ostur t.d. Gouda skorinn í teninga

Gúrka, skorin í bita

Öllu blandað saman í skál og borðið fram með brauði ef vill

Þykir samt ekki góð latína að hafa brauð með pasta :)